



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til l. um br. á l. um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti/ Sigríður Svana Helgadóttir
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	12. janúar 2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Verndar- og orkunýtingaráætlun er áætlun sem lögð er fyrir Alþingi þar sem lagt er mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar. Þ.m.t. verndunar. Í áætluninni eru virkjunarkostir flokkaðir í nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Áætlunin tekur til virkjunarkosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og hafa uppsett raf afl 10 MW eða meira eða uppsett varmafl 50 MW eða meira. Hún tekur ekki til stækkana virkjana nema þegar slíkar stækkanir fela í sér matsskyldar framkvæmdir. Það hefur í för með sér að þegar virkjanaaðilar fara í tæknilegar aflaukningar á virkjunum sem nú þegar eru í rekstri þurfa slíkar aukningar að fara í gegnum ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar og teljast þá sem sérstakur virkjunarkostur. Skv. núverandi lögum nr. 48/2011 getur umfjöllun um einstaka virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun tekið allt að fjögur ár, frá því að virkjunaraðili sendir inn umsókn um mat á virkjunarkostinum og þar til virkjunarkosturinn er afgreiddur inn í orkunýtingar-, bið- eða verndarflokk af Alþingi. Almenn er tæknileg aflaukning í vatnsaflsvirkjunum sem þegar eru í rekstri til þess hugsuð að nýta umframrennsli sem þegar er til staðar í hinu virkjaða vatnsfalli, t.d. vegna aukinnar bráðunar jökla. Um er að ræða að auka afkastagetu véla í stöðvarhúsi þannig að umframrennslið, sem áður var veitt fram hjá stöðvarhúsi, nýtist til raforkuframleiðslu. Þessar aflaukningar fela ekki í sér stórfelldar breytingar á þeim atriðum sem mestu skipta við mat á umhverfisáhrifum virkjanna, t.d. yfirborðshæð og yfirborðsflatarmáli lóna, lengd og umfang skurða og stíflna í vatnasviði ofan virkjunar o.s.frv. Málsmeðferð rammaáætlunar miðar að því að vega og meta áhrif virkjunarframkvæmda á umhverfi, samfélag og efnahag. Þar sem gera má ráð fyrir því að umhverfisáhrif tæknilegra aflaukninga séu takmörkuð er ekki talið réttað skylda slíkar framkvæmdir inn í ferli rammaáætlunar. Tekið skal fram að slíkar framkvæmdir geta eftir sem áður þurft að fara í umhverfismat framkvæmda.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að heimila tæknilegar aflaukningar á virkjunum sem nú þegar eru í rekstri án þess að uppfærslurnar þurfi að fara í gegnum ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í núgildandi lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun er kveðið á um að áætlunin taki til stækkana virkjana sem feli í sér matsskyldar framkvæmdir óháð því hvort eingöngu sé um að ræða tæknilega aflaukningu en ekki stækkun.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Málefnasvið 17 – málaflokkur 5. Stjórnarsýsla umhverfismála. Stefna stjórnar er að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi árið 2040. Frumvarpið stuðlar að

orkuskiptum og að markmiði Íslands í loftslagsmálum náist. Þá er stefna stjórnvalda að tryggja orkuöryggi og afhendingaröryggi raforku og frumvarpið styður við þá stefnu. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Að einfalda ferli sem virkjanaaðilar þurfa að ráðast í þegar farið er í tæknilegar aðgerðir sem hafa aflaukandi árangur hjá virkjunum sem þegar eru í rekstri.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Virkjanaaðilar þyrftu áfram að óska eftir umfjöllun verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar þegar þeir hafa hug á að ráðast í tæknilegar aðgerðir sem geta aukið aflgetu virkjana í rekstri án þess að um sé að ræða eiginlega stækkun á virkjun. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Á ekki við – um er að ræða lögbundna skyldu 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Umfjöllun verkefnisstjórnar um stækkanir á virkjunum sem fela í sér matsskyldar framkvæmdir er lögbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Til að undanskilja tæknilegar aflaukningar frá umfjöllun verkefnisstjórnar rammaáætlunar er því nauðsynlegt að breyta 3. mgr. 3. gr. laganna.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Lagt er til að ákvæði 3. gr. laga nr. 48/2011 verði breytt á þann veg að verndar- og orkunýtingaráætlun taki ekki til stækkunar á virkjunum sem eingöngu fela í sér tæknilegar aflaukandi aðgerðir án eiginlegra stækkana. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Breyting á orðalagi 3. gr. laga nr. 48/2011.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Rekstraraðilar þeirra virkjana sem þegar eru í rekstri. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ekkert samráð hefur þegar farið fram. 4. Fyrirhugað samráð Gert er ráð fyrir samráði um áformaskjal og frumvarp þegar það liggur fyrir.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á ríkissjóð eru metin sem óveruleg ef nokkur.
H. Næstu skref, innleiðing
- Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei. - Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki er gert ráð fyrir aðlögunartíma – breytingarnar fela í sér að verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlun þarf ekki að fjalla um stækkanir á virkjunum í þeim tilvikum þar sem eingöngu er um að ræða aflaukandi aðgerðir en ekki eiginlegar stækkanir. - Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? - Mælikvarðar á árangur og útkomu - Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?
I. Annað
J. Fylgiskjöl
- Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað - Önnur fylgiskjöl eftir atvikum